Fullgild rafræn undirskrift
DAGNÝ FINNBJÖRNSDÓTTIR
Kennitala: 171288-3209
2024-03-27 14:39:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
AÐALSTEINN ÓSKARSSON
Kennitala: 080662-4409
2024-03-27 14:40:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
MAGNÚS INGI JÓNSSON
Kennitala: 180692-4529
2024-03-27 14:40:39 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
BJARKI BJARNASON
Kennitala: 110259-4339
2024-03-27 14:55:25 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
LILJA MAGNÚSDÓTTIR
Kennitala: 140860-3529
2024-03-27 15:08:30 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
JÓHANNA ÖSP EINARSDÓTTIR
Kennitala: 030285-2479
2024-03-27 15:42:52 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
NANNÝ ARNA GUÐMUNDSDÓTTIR
Kennitala: 100870-3639
2024-04-02 21:26:12 GMT
Ástæða: Undirskrift

# Fjórðungssamband Vestfirðinga

2023

Fjórðungssamband Vestfirðinga
Árnagata 2-4
400 Ísafjörður
kt. 700573-0799

# Fjórðungssamband Vestfirðinga

## Ársreikningur
## 2023

**Efnisyfirlit**


| | |
|---|---|
| Áritun óháðs endurskoðanda | 2-3 |
| Skýrsla stjórnar | 4 |
| Rekstrarreikningur | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Yfirlit um sjóðstreymi | 7 |
| Skýringar | 8-9 |
| Ársreikningar deilda | 10-15 |

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar og hluthafa í Fjórðungssambandi Vestfirðinga**

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjórðungssambands Vestfirðinga fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2023, efnahag þess 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Fjórðungssambandi Vestfirðinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fjórðungssambands Vestfirðinga Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.
Nægjanlega vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

# Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Ísafirði, 27.mars 2024

**Endurskoðun Vestfjarða**

Bjarki Bjarnason
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar

Fjórðungssamband Vestfirðinga er hagsmunasamtök sveitarfélaga á Vestfjörðum, sameiginlegur vettvangur þeirra og málsvari.

Að áliti stjórnar og sviðstjóra Vestfjarðastofu koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu Fjórðungssambands Vestfirðinga í árslok, rekstri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu 2023

Samkvæmt rekstarreikningi ársins 2023 námu heildartekjur 235.824 þkr. en rekstargjöld 233.513 þkr. Rekstrarafkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði var jákvæð um 2.311 þkr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda er rekstrarafkoma jákvæð um 4.748 þkr.

Vegna verkefna í vinnslu er gert er ráð fyrir að um 78.618 Þkr. flytjist til ársins 2024, um er að ræða verkefni vegna m.a. byggðaþróunar, sóknaráætlunar og viðaukasamnings vegna sóknaráætlunar.

Heildareign Fjórðungssambands Vestfirðinga samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2023 nam 161.643 þkr, en skuldir og skuldbindingar 124.809 þkr. Eigið fé sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi nam á sama tíma 36.834 þkr.

Áætluð Lífeyrisskuldbinding Fjórðungssambandsins var metin í lok árs 2023
8.582 þkr. samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

Stjórn og sviðstjóri Vestfjarðastofu staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2023 með undirritun sinni og vísa afgreiðslu hans til Fjórðungsþings Vestfirðinga.

Ísafirði, 27. mars 2024

**Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga**

Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður

Dagný Finnbjörnsdóttir

Lilja Magnúsdóttir

Magnús Ingi Jónsson

Nanný Arna Guðmundsdóttir

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | Áætlun | 2022 |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur ............................................... | | 233.237.644 | 259.400.000 | 282.816.683 |
| Aðrar tekjur .................................................. | | 2.586.377 | 10.000.000 | 2.404.121 |
| Lífeyrisskuldbinding ......................................... | 7 | (276.076) | (200.000) | (4.735.462) |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ................... | | (1.556.294) | (4.500.000) | (2.730.576) |
| Kostnaður vegna sérverkefna .......................... | | (231.681.030) | (261.050.000) | (276.358.466) |
| **Rekstrarhagnaður** | | 2.310.621 | 3.650.000 | 1.396.300 |
| Fjármunatekjur .............................................. | | 2.990.349 | 800.000 | 1.361.055 |
| Fjármagnsgjöld .............................................. | | (553.348) | 0 | (412.593) |
| | 4 | 2.437.001 | 800.000 | 948.462 |
| **Hagnaður ársins** | | 4.747.622 | 4.450.000 | 2.344.762 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eignir | Skýr. | 31.12.2023 | 31.12.2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Fyrirfr.gr.langtímakostnaður, líf.sj .................... | | 4.408.715 | 4.603.701 |
| Stofnfé í sjálfseignarstofnunum ....................... | 5 | 300.000 | 300.000 |
| | | 4.708.715 | 4.903.701 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur og óinnkomnir styrkir ................ | | 100.087.841 | 56.796.514 |
| Handbært fé ................................................ | | 56.846.257 | 64.694.971 |
| | | 156.934.098 | 121.491.485 |
| **Eignir** | | 161.642.813 | 126.395.186 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 6 | | |
| Óráðstafað eigið fé 1.1. ................................. | | 32.085.905 | 29.741.143 |
| Rekstrarafkoma ............................................ | | 4.747.622 | 2.344.762 |
| **Eigið fé** | | 36.833.527 | 32.085.905 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | |
| Lífeyrissjóðsskuldbinding ................................ | 7 | 8.581.943 | 8.329.842 |
| | | 8.581.943 | 8.329.842 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir ........................................... | | 271.969 | 21.969 |
| Skuld við Vestfjarðastofu ............................... | | 588.029 | 10.518.582 |
| Óhafnir styrkir Uppbyggingarsjóðs .................... | | 26.245.000 | 19.825.000 |
| Niðurfelldir óúthlutaðir styrkir Uppb.sj. .............. | | 4.950.000 | 850.000 |
| Ógreiddar ýmsar skammtímaskuldir .................. | | 2.571.599 | 10.381.185 |
| Ónotaðir styrkir og fyrirframgr. tekjur ............... | | 73.668.417 | 44.382.703 |
| Ónotaðir tekjur fluttar á varasjóð ..................... | | 7.932.329 | 0 |
| | | 116.227.343 | 85.979.439 |
| Skuldir | | 124.809.286 | 94.309.281 |
| **Eigið fé og skuldir** | | 161.642.813 | 126.395.186 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarhagnaður ........................................ | | 2.310.621 | 1.396.300 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | | 2.310.621 | 1.396.300 |
| Aðrar rekstrart. eignir, (hækkun) ..................... | | (39.581.568) | (8.366.569) |
| Rekstrart. skuldir, hækkun .............................. | | 26.579.218 | 2.208.453 |
| Handbært fé til rekstrar án vaxta og skatta | | (10.691.729) | (4.761.816) |
| Innborgaðir vextir og arður ............................. | | 2.990.349 | 1.361.055 |
| Greiddir vextir ............................................... | | (553.348) | (412.593) |
| **Handbært fé til rekstrar** | | (8.254.728) | (3.813.354) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Innlausn vegna slita ....................................... | | 0 | 0 |
| | | 0 | 0 |
| Lækkun handbærs fjár .................................... | | (8.254.728) | (3.813.354) |
| Handbært fé í upphafi árs ................................ | | 64.694.971 | 68.508.325 |
| Handbært fé í lok árs ...................................... | | 56.440.243 | 64.694.971 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Fjórðungssamband Vestfirðinga er hagsmunasamtök sveitafélaga á Vestfjörðum, sameiginlegur vettvangur þeirra og málsvari sem stofnuð voru 11.nóvember 1949.

Fjórðungssamband Vestfirðinga er með heimilisfesti á Íslandi og er lögheimili félagsins að Árnagata 2-4, 400 Ísafjörður.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| Fjármunatekjur greinast þannig: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 2.990.349 | 1.361.055 |
| | 2.990.349 | 1.361.055 |
| Fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Dráttarvaxtagjöld | (118) | (2.790) |
| Önnur vaxtagjöld | (553.230) | (409.803) |
| | (553.348) | (412.593) |
| | 2.437.001 | 948.462 |

## 5. Eignarhlutar í einkahlutafélögum og sjálfseignarstofnunum

| | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|
| **Eignarhlutar í félögum:** | | |
| Háskólasetur Vestfjarða, stofnfé | 150.000 | 150.000 |
| Fræðslumiðstöð Vestfjarða, stofnfé | 50.000 | 50.000 |
| Starfsendurhæfing Vestfjarða, stofnfé | 100.000 | 100.000 |
| | 300.000 | 300.000 |

## 6. Eigið fé

| Eigið fé greinist þannig: | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2022 | 29.741.143 | 29.741.143 |
| Hagnaður/(tap) ársins | 2.344.762 | 2.344.762 |
| Eigið fé 1.1.2023 | 32.085.905 | 32.085.905 |
| Hagnaður/(tap) ársins | 4.747.622 | 4.747.622 |
| Eigið fé 31.12.2023 | 36.833.527 | 36.833.527 |

# Skýringar

## 7. Lífeyrissjóðsskuldbinding

Áætluð lífeyrisskuldbinding Fjórðungssambandsins var metin í lok árs 2023 kr: 8.581.943 samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins.

## 8. Aðrar skuldbindingar

Fjórðungssamband Vestfirðinga hefur á grundvelli afgreiðslu úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árin 2020, 2021 og 2022, skuldbundið hluta fjármagns Sóknaráætlunar Vestfjarða til lengri tíma en eins árs í senn.
Skuldbinding er sem hér segir;
Fyrir árið 2023, kr 11.850.000,-
Fyrir árið 2024, kr 11.850.000,-
Þessi skuldbinding er veitt með vísan til ákvæðis um árlegt grunnframlag til Sóknaráætlunar Vestfjarða fyrir tímabilið 2020 til 2024 í samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga, Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytis og Mennta og menningarmálaráðuneytis um Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024, dags. 12. nóvember 2019. Grunnframlagið nam á árinu 2020 kr 97.848.443,- en fjárveiting tekur mið af fjármálaáætlun ríkisins til fimm ára.

## 9. Reikningsskilaaðferðir

**Skráning tekna**

Tekjur Fjórðungssambandsins byggjast að mestu á samningum og eru tekjurnar færðar þegar samningar eru undirritaðir.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

**Skráning gjalda**

Gjöld sem stofnað er til við öflun tekna á tímabilinu eru færð sem rekstrarkostnaður. Gjöld sem stofnað er til á reikningsárinu en varða síðari reikningsár eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Gjöld sem varða reikningsárið en koma til greiðslu síðar, eru færð til skuldar sem áfallinn kostnaður í efnahagsreikningi.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

**Skattamál**

Fjórðungssamband Vestfirðinga er ekki skattskyldur aðili

**Handbært fé**

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

# Fjórðungssamband Vestfirðinga

Almenn deild

2023

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | Áætlun 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Jöfnunarsjóður sveitarfélaga | | 49.766.286 | 45.400.000 | 40.789.267 |
| Framlag til reksturs FV | | 11.600.012 | 11.600.000 | 10.700.004 |
| Framlag til Menningarráðs | | 9.900.000 | 9.900.000 | 0 |
| Framlag sveitarfélaga til Markaðsstofu | | 7.700.000 | 7.700.000 | 0 |
| Aðrar tekjur | | 2.586.377 | 10.000.000 | 1.050.121 |
| Ónotaðir tekjur fluttar á varasjóð | | (6.500.000) | 0 | 0 |
| Millifært á milli deilda | | (6.698.706) | | 0 |
| . | | 68.353.969 | 84.600.000 | 52.539.392 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 8 | 276.076 | 200.000 | 4.735.462 |
| Framlag til Vestfjarðastofu | | 65.200.000 | 65.200.000 | 43.456.650 |
| Aðkeyptir verktakar | | 4.094.248 | 6.500.000 | 258.251 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | | 0 | 0 | 168.593 |
| Önnur verkefni | | 0 | 10.000.000 | 1.050.121 |
| Annar skrifstofukostnaður | | 59.554 | 3.500.000 | 1.905.139 |
| | | 69.629.878 | 85.400.000 | 51.574.216 |
| Rekstrarafkoma fyrir fjárm.tekjur og (fjárm.gjöld) | | (1.275.909) | (800.000) | 965.176 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | |
| Sölutap hlutafjárs v/slit | | 0 | 800.000 | 0 |
| Vaxtatekjur/gjöld | | 1.567.422 | 0 | 624.627 |
| | | 1.567.422 | 800.000 | 624.627 |
| **Rekstrarafkoma** | | 291.513 | 0 | 1.589.803 |

# Fjórðungssamband Vestfirðinga

Sóknaráætlun

2023

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | 2023 | Áætlun 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlag Jöfn.sjóðs v/ Sóknaráætlunar .................................... | 12.582.940 | 6.200.000 | 6.113.000 |
| Framlag v/Sóknaráætlunar/viðaukasamningar ......................... | 10.000.000 | | 10.000.000 |
| Framlag v/Sóknaráætlunar ..................................................... | 108.856.448 | 109.200.000 | 109.189.752 |
| Framlag v/áhersluv. í menningarm. frá sveitarf. .................. | 0 | 9.900.000 | 9.900.000 |
| Framlag v/áhersluverkefna í menningarmálum .................... | 0 | (9.900.000) | (9.900.000) |
| Millifærsla á milli deilda ........................................................ | (7.100.000) | | |
| Ónotaðir styrkir fluttir f.f.ári .................................................. | 1.000.000 | 0 | 5.561.611 |
| Tekjur fluttar til næsta árs að tillögu stjórnar ......................... | (431.626) | 0 | 0 |
| Ónotaðir styrkir fluttir til næsta árs. ....................................... | (18.489.972) | 0 | (6.850.000) |
| Endurúthlutun niðurfelldra styrkja Uppbyggingarsj. ............ | 0 | 0 | 5.455.000 |
| Aðrar tekjur/endurgr. útlagður kostnaður .............................. | 0 | 0 | 1.354.000 |
| Umframgreiðsla styrkja UV 2022 .......................................... | 0 | 0 | 4.450.000 |
| . | 106.417.790 | 115.400.000 | 135.273.363 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Framlag til Vestfjarðastofu ..................................................... | 17.200.000 | 17.200.000 | 16.550.000 |
| Áhersluverkefni ...................................................................... | 30.500.000 | 39.600.000 | 45.200.000 |
| Greiddir styrkir ....................................................................... | 55.150.000 | 54.150.000 | 67.100.000 |
| Aðkeypt sérfræðiþjónusta ...................................................... | 0 | 0 | 10.326.060 |
| | 102.850.000 | 110.950.000 | 139.176.060 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur/gjöld ............................................................... | 889.218 | 0 | 350.000 |
| | 889.218 | 0 | 350.000 |
| **Rekstrarafkoma** ............................................................... | 4.457.008 | 4.450.000 | (3.552.697) |

# Fjórðungssamband Vestfirðinga

Atvinnu- og nýsköpunarmál

2023

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | 2023 | Áætlun 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Verkefnaframlög ráðneyta | 47.100.000 | 57.100.000 | 41.890.942 |
| Umhv.vottun sveitarfélaga | 5.000.000 | 5.000.000 | 5.000.000 |
| Framlag sveitarfélaga v/atvinnuþr. | 7.300.001 | 7.300.000 | 3.550.000 |
| Ónotaðir styrkir fluttir á næsta ár | (53.178.445) | 0 | 0 |
| Ónotaðir styrkir fluttir f.f.ári | 42.032.703 | | |
| Millifært á milli deilda | 13.798.706 | | |
| Ónotaðir tekjur fluttar á varasjóð | (1.000.703) | 0 | 0 |
| . | 61.052.262 | 69.400.000 | 50.440.942 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Framlag til Vestfjarðastofu | 13.472.991 | 12.300.000 | 49.391.442 |
| Aðkeyptir verktakar | 47.376.690 | 56.100.000 | 2.849.500 |
| Annar verkefnakostnaður | 203.480 | 1.000.000 | |
| | 61.053.161 | 69.400.000 | 52.240.942 |
| **Rekstrarafkoma** | (899) | 0 | (1.800.000) |